



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til allra sveitarfélaga og
landshlutasamtaka sveitarfélaga

Reykjavík 7. september 2016

1410129SA MKH/-
Málalykill: 00.57

Efni: Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 2016

Árleg fjármálaráðstefna sveitarfélaga verður haldin fimmtudaginn 22. september og föstudaginn 23. september á Hilton Reykjavík Nordica hótelinu við Suðurlandsbraut í Reykjavík.

Ráðstefnan hefst fyrri daginn kl. 10:00 með ávarpi formanns sambandsins, Halldórs Halldórssonar, en síðan mun Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra ávarpa ráðstefnuna. Í beinu framhaldi fara fram samræður formanns sambandsins og fjármála- og efnahagsráðherra um fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga, ásamt ýmsu fleira sem fellur undir verkefni ráðherra og varðar sveitarfélögin, undir stjórn Sigrúnar Stefánsdóttur, forseta hug- og félagsvísindasviðs Háskólans á Akureyri.

Þá verða flutt erindi um fjármál sveitarfélaga og fleira, en í lok fyrri ráðstefnudags verður boðið upp á léttar veitingar.

Síðari ráðstefnudeginum verður að venju skipt upp í tvo hluta, þar sem fjallað verður um margvísleg málefni sem snúa að fjármálum og rekstri sveitarfélaga. Ráðstefnunni mun ljúka kl. 12 á hádegi 23. september.

Starfsmenn sambandsins eru að leggja lokahönd á dagskrá ráðstefnunnar og verður hún birt á vef sambandsins næstu daga.

Skráning á ráðstefnuna fer fram með rafrænum hætti á [vef sambandsins](#). Skráningu lýkur **mánudaginn 19. september** og eru sveitarstjórnarmenn og aðrir vinsamlega beðnir um að virða þau tímamörk og skrá sig tímanlega – það auðveldar allan undirbúning ráðstefnunnar.

Pátttökugjald er 17.000 kr. og eru innifaldar í því allar veitingar og fundargögn.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Magnús Karel Hannesson
sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs